


# HÖFÐASKÓLI 1939 - 2019

AFMÆLISRIT Í TÍLEFNI 80 ÁRA AFMÆLIS SKÓLANS

---



# Skólastjórar gegnum árin

**Páll Jónsson** var skólastjóri árin 1939-1966.

**Jón Pálsson** var skólastjóri árin 1966-1986.

**Páll Leo Jónsson** var skólastjóri árin 1986-1991.

**Ingibergur Guðmundsson** var skólastjóri  
árin 1991-2005.

**Hildur Ingólfssdóttir** var skólastjóri árin 2005-2014.


**Vera Valgarðsdóttir** var skólastjóri árin 2014-2019.

**Sara Diljá Hjálmarsdóttir** byrjaði sem skólastjóri  
árið 2019.

Fyrsti skólastjórinn, **Páll Jónsson**, var skólastjóri  
lengst, eða í 22 ár.

# Ef ég væri kennari

Ég myndi vera listakennari, ég myndi kenna að teikna, lita og mála. Ég myndi líka kenna á bæði blað og tölvu.



Ég myndi kenna 3d-list í Blender sem er frítt 3d-forrit sem bæði byrjendur og fagfólk notar til að æfa sig og vinna. Það er auðvelt og fljótlegt að læra á Blender sem er ástæðan fyrir því af hverju ég myndi kenna á það.

Ég myndi líka að nota Krita sem er frítt 2d-teikniforrit. Ég hef notað Krita í 2 mánuði og það er líka mjög létt og auðvelt að nota. Með Krita nota ég líka Wacom Intuos M sem er teikniborð. Það er líka hægt að nota iPad með með Apple Pencil til að teikna.




Dominik, 9. bekk

# Viðtöl við

Við ákváðum að spyrja nokkra núverandi og fyrrverandi skólastjóra Höfðaskóla sömu spurninganna og sjá hvaða munur er á útkomunni. Við þökkum þeim kærlega fyrir svörin.

## Sara Diljá Hjálmarsdóttir



### Af hverju ákvaðstu að vera kennari?

Ég ætlaði alltaf að verða sálfræðingur og stefndi að því. Þegar ég útskrifaðist sem stúdent tók ég mér pásu í eina önn áður en ég fór í Háskóla, þegar ég fór að skoða hvaða nám væri í boði fannst mér eitthvað spennandi við kennaramenntunina og það spilaði sjálfsagt inn í að ég hafði mjög góða kennara í grunnskóla. Ég ákvað að gefa því séns og sé ekki eftir því.

### Af hverju ákvaðstu að vera skólastjóri?

Ég hef alla tíð haft gaman af hvers kyns stjórnunarstörfum. Var í nemendaráði og stjórn íþróttafélagsins þegar ég var í grunnskóla. Eftir að ég byrjaði að kenna hafði ég hug á að mennta mig meira og

verða skólastjóri einn daginn, ég svo sem stefndi ekki að því eftir svona stuttan kennsluferil en stundum leiðir lífið mann í óvæntar áttir.

### Hvaða tegund af tónlist hlustar þú á?

Ég hlusta á flest allt en hef alltaf gaman af íslenskrí tónlist bæði gamalli og nýrri.

### Uppáhalds sjónvarpsþættirnir þínir?

Grey's anatomy og This is Us.

### Ertu rétthent eða örvhent?

Ég er rétthent.

### Uppáhaldsmatur?

Uppáhaldsmaturinn minn eru lambalundir, annars svíkur góð pizza engan :)

### Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera kennari?

Það skemmtilegasta við að vera kennari er að það eru engir tveir dagar eins. Hver dagur býður upp á nýjar áskoranir og það eru forréttindi að fá að kynnast öllum þeim krökkum sem maður starfar með.

### Hvað finnst þér skemmtilegast við að vera skólastjóri?

Ég á frekar erfitt með að svara því hvað er skemmtilegast við að vera skólastjóri þar sem ég er nýkomin í þetta starf. Fyrstu vikurnar finnst mér mjög skemmtilegt að sjá skólastarfið frá öðru sjónarhorni en áður og kynnast um leið nýjum hliðum á nemendum skólans.



# skólastjóra

Vera Ósk Valgarðsdóttir



## Af hverju ákvaðstu að vera kennari?

Ég ákvað eiginlega aldrei að verða kennari, það gerðist bara. Ég dvaldi í Frakklandi í þrjú ár áður og þegar ég kom heim var ég frekar óákveðin hvort ég vildi kenna frönsku eða gera eitthvað annað. Árið 1979 fluttum við Guðjón til Lauga í Dalasýslu þar sem Guðjón gerðist skólastjóri. Þá var ekkert annað fyrir mig að gera nema kenna og mér líkaði það svona óskaplega vel. Kennsla hefur alltaf átt mjög vel við mig. Þegar við fluttum aftur suður þá bauðst mér staða frönskukennara við Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi þar sem ég kenndi frönsku í 28 ár! Það fannst mér ákaflega skemmtilegt, eiginlega skemmtilegasta starf í heimi :) Þannig að tilviljanir réðu því að ég gerðist kennari. Eg fór til dæmis aldrei í Kennaraskóla Íslands sem núna heitir Háskóli Íslands, menntavísindasvið. Eg fór bara í frönsku í háskólanum úti og hér heima í Háskóla Íslands og tók svo uppeldis- og kennslufræðni frá HÍ þegar ljóst var að ég myndi halda áfram að kenna.

## Af hverju ákvaðstu að vera skólastjóri?

Það vantaði skólastjóra á Skagaströnd haustið 2014 og Sigurður Gísli var spurður hvort hann vildi taka þetta að sér í eitt ár.

Hann gat það ekki og þá kom ég inn í myndina, eða við Guðjón bæði :) Við ætluðum bara að vera í eitt ár en svo breyttist það allt og við enduðum á að vera 5 ár! Mjög skemmtileg fimm ár. Það er með skólastjórastöðuna eins og kennarastöðuna, ég ákvað þetta ekkert. Þetta bara gerðist.

## Hvaða tegund af tónlist hlustar þú á?

Alls konar tónlist nema pönk. Eg fer oft á alls konar tónleika og er t.d. núna að fara á tónleika þar sem Hugrún Sif mun syngja og svo aðra tónleika þar sem jazztónlist ræður ríkjum. Svo fer ég í óperuna og á símfónútónleika. Sem sagt alls konar tónlist.

## Ertu réttthent eða örvhent?

Ég er réttthent.

## Uppáhaldsmatur?

Æ þetta er erfið spurning. Mér finnst allur matur góður!

## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera kennari?

Vera með ungu fólki. Ég hef mesta reynslu í að kenna ungu fólki frönsku og það er svakalega skemmtilegt. Ungt fólk er svo skemmtilegt og skapandi.

## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera skólastjóri?

Ég hef ekki langa reynslu sem skólastjóri og ætlaði mér aldrei að verða skólastjóri en einhverra hluta vegna þá hafa skólastjórar verið hluti af minni tilveru alla tíð. Pabbi minn var skólastjóri, maðurinn minn var skólastjóri, ég varð skólastjóri og ég á tvö börn sem eru skólastjórar. Okkur öllum finnst að fjölbreytni sé það skemmtilegasta við starfið. Skólastjóri þarf að vera með puttana í öllu og það gerir starfið fjölbreytt og skemmtilegt. Maður veit aldrei hvað bíður manns. Að öðru leyti fannst mér persónulega skemmtilegast við að vera skólastjóri Höfðaskóla að kynnast öllu því góða fólki sem stendur að skólanum, nemendum, starfsfólki, foreldrum og öðrum íbúum Skagastrandar.

# Viðtöl við

Hildur Ingólfssdóttir



verður fyrir valinu. Síðustu tónleikarnir sem ég fór á voru með Ed Sheeran og vínplatan á fóninum er með Noruh Jones.

## Uppáhalds sjónvarpsþættirnir þínir?

Grey's það eru þættir sem fjalla um eitthvað ótrúlegt og/eða ævintýrlegt. Supernatural, Marvel þættir og þess háttar.

## Ertu rétthent eða örvhent?

Ég er rétthent.

## Af hverju ákvaðstu að vera kennari?

Það var hrein tilviljun að ég varð kennari. Ég bjó á Siglufirði þegar ég tók þá ákvörðun og skólastjóri grunnskólans auglýsti eftir fólki sem vildi fara í fjarnám við KHÍ. Á þeim tíma kenndi ég á þverflautu í tónlistarskólanum og ákvað að slá til.

## Af hverju ákvaðstu að vera skólastjóri?

Ég átti á þeim tíma börn í skólanum og þar var margt gott í gangi en líka ákveðnir þættir í starfinu sem mig langaði að breyta. Því ákvað ég að sækja um.

## Hvaða tegund af tónlist hlustar þú á?

Ég hlusta á flestalla tónlist og það fer alfarið eftir líðan og aðstæðum hvað

## Uppáhaldsmatur?

Kjöt í karrý.

## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera kennari?

Samskiptin við börnin og augnablikin þegar ég sá renna upp fyrir nemandan skilningur sem hann hafði ekki áður.


## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera skólastjóri?

Fjölbreytnin í starfinu og að ég var heppin að því leyti að í skóla á stærð við Höfðaskóla er það þannig að skólastjóri kennir aðeins líka þannig að þar hélst ákveðin tenging við nemendahópinn.

# skólastjóra

(framhald)

Ingibergur Guðmundsson



## Af hverju ákvaðstu að vera kennari?

Það var nú kannski bara ýmislegt sem leiddi til þess, ég prófaði að vera kennari eftir stúdentspróf svo aftur eftir að ég lauk háskólanáminu og mér fannst þetta bara skemmtileg vinna og það endaði með því að ég tók réttindanám og byrjaði svo aftur hérna í skólanum 1993.

## Af hverju ákvaðstu að vera skólastjóri?

Ég svo sem ákvað það ekki, ég sótti um það og ég var búinn að vera aðstoðarskólastjóri í nokkur ár og líkaði bara vel. Ef ég man rétt þá var ég eini umsækjandinn.

## Hvaða tegund af tónlist hlustar þú á?

Ég er nánast alæta á tónlist nema svona nútímaklassík höfðar ekki til mín

og heldur ekki rapp, en svona djass og blús.

## Uppáhalds sjónvarpsþættirnir þínir?

Það er nú fljótsagt, það eru fréttir, veður og kannski íþróttaréttir.

## Ertu rétthentur eða örvhentur?

Ég er rétthentur.

## Uppáhaldsmatur?

Nú verðið þið hissa – það er saltað hrossakjöt og gular baunir. Svo er nú lambahryggurinn líka í miklu uppáhaldi.

## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera kennari?

Það var þegar maður sá glampann í augunum á nemendum, þá vissi maður að þau hefðu skilið það sem maður var að útskýra eða að þau höfðu áhuga á námsefninu. En í gamla daga hefði maður sagt að það væri júní, júlí, ágúst og jól og páskar.

## Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera skólastjóri?

Skemmtilegast var þegar við tókum íþróttahúsið í notkun hérna 1998, þá voru nemendur að fá almennilega aðstöðu í fyrsta skipti.

# Íþróttadagur

Íþróttadagur grunnskólanna í Húnaþingi var eitt sinn haldinn árlega og þar kepptu Höfðaskóli, Blönduskóli, Húnavallaskóli, og Grunnskóli Húnaþings vestra í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Þar var meðal annars keppt í fótbolta, körfubolta, borðtennis, badminton og skák. Í þá daga var mikil og hörð keppni á milli skólanna sem endaði með því að sá skóli sem fékk flest stig fyrir íþróttagreinarnar stóð uppi sem sigurvegari.

Árið 2017 var ákveðið að breyta um fyrirkomulag íþróttadagsins og heitir hann nú íþrótt- og útvistardagur grunnskóla í Húnaþingi. En núna er dagskráin svona:

Fimmtudagurinn 26.apríl.  
Dagskrá hefst klukkan 14:00

	A	B	C	D	E	F	G
14:30-16:00							
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús. Tindastóll	Spákonuhof	Farið frá skólanum	Neslistamiðstöð	Grunnskólinn	Farið frá skólanum	Sparkvöllur/strák
	Körfuboltaæfing/kynning	Skoðunarferð í	Björgunarsv. Strönd	Heimsókn og	Skákmót	Skoðunarferð um	Fótboltamót
	Þjálfari/leikmenn	Spákonuhof	Sigling	verkefni		Spákonuhófa eða	
	Fyrir stelpur					um Skagaströnd	
14:00-14:30	Kaffitími Skúffukaka og mjólk og fleira í boði í félagsheimilinu						
16:00-17:30							
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús. Tindastóll	Spákonuhof	Farið frá skólanum	Neslistamiðstöð	Íþróttahús	Farið frá skólanum	Sparkvöllur/stelp
	Körfuboltaæfing/kynning	Skoðunarferð í	Björgunarsv. Strönd	Heimsókn og	Jóga	Skoðunarferð um	Fótboltamót
	Þjálfari/leikmenn	Spákonuhof	Sigling	verkefni		Spákonuhófa eða	
	Fyrir stráka					um Skagaströnd	
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús		Körfuboltavöllur(úti)				
17:30-18:30	Smákeppni/þrautir		Streetballmót				
	Klifurveggur, limbó, reipitog, stinger						
16:00 - 18:00	Sundlaugin opin, sundblak og potturinn.						
16:30 - 18:30	Minigolf						
18:30-19:30	Matur í félagsheimilli						
20:00-21:00	Diskótek						

Á hverju ári er farið á nýjan stað og boðið upp á nýja afþreyingu eins og að sigla á bátum, fara í gönguferðir og margt fleira.

Höfðaskóli vann tvisvar sinnum á sjö árum áður en íþróttadeginum var breytt sem er nú bara fínasti árangur.



**Þá og nú...**

**Sindri Freyr**



**Valgerður Guðný**



**Jón Árni**



**Þá og nú...**

**Magnús Sólberg**



**Harpa Hlín**



**Daði Snær**



**Þá og nú...**

**Helena Mara**



**Sonja Sif**



**Ástrós Villa**





**Þá og nú...**

**Ólafur Bernódusson**



**Kristín Kristmundsdóttir**



**Hjördís Bára Þorvaldsdóttir skvísa**






## Andri Már í nútíð og í framtíð (Sveinn Ingólfsson).



Einu sinni var strákur sem var í skóla um daginn hafði hann lært þrjú orð á ensku það var yes money og ok. Á leiðini heim raulaði hann yes ,money ,ok þá kom löggætt og spurði hann:

- varstu að stela einhverju sagði hann
- yes sagði strákurinn
- hverju sagði löggættan
- money sagði strákurinn
- þá verð ég að setja þig í fangelsi sagði löggættan
- ok svaraði strákurinn.

Lögreglan



Patrik Hörður

- Á afmæli skólans var flóð og á þeim degi byrjaði skólinn svona: Þú vaknar og færð þér morgunkorn og labbar í skólann og ferð að læra og svo gerðist það! Flóðið kom. Allt breyttist. Allt eyðilagðist. Nokkrir dóu og allt eyðilagðist og skólinn eyðilagðist. En svo komu allir og byggðu hann aftur upp á ný og allir voru glaðir.
- Endir

Á afmæli skólans var flóð og á þeim degi byrjaði skólinn svona: Þú vaknar og færð þér morgunkorn og labbar í skólann og ferð að læra og svo gerðist það! Flóðið kom. Allt breyttist. Allt eyðilagðist. Nokkrir dóu og allt eyðilagðist og skólinn eyðilagðist. En svo komu allir og byggðu hann aftur upp á ný og allir voru glaðir. Endir.

Patrik Máni, 4. bekk og Hörður Bjarni, 1. bekk



ÍSAK AFMÆLI SKÓLANS  
 KÖTTUR SÉÐIST Í SKÓLANN OG  
 VEIÐA FISK Í STAÐINN SÁ HAN  
 MÚS. MÚSIN VAR AÐ BORÐA  
 FISK. MAÐURINN ÁTTI  
 KÖTTINN KOM OG TÓK HAN  
 FÓR SVO MEÐ KÖTTI  
 HEIM. FÓR SVO AFTUR Í AFMÆLI  
 • AÐAÐ MEÐ ÖLLUM KRÖKKUNUM  
 Í STAÐINN HÁLDU PÓÐA  
 ÞÁ Í KA SVO SÁ EITRU MÚS  
 HJÓP HEIM  
 VIKTOR

### Afmæli skólans

Köttur stalst í skólann að veiða fisk, í staðinn sá hann mús. Músin var að borða fisk. Maðurinn sem átti köttinn kom og tók hann. Hann fór svo með köttinn heim. Hann fór svo aftur í afmælið og hann fór á það með öllum krökkunum, stóru krakkarnir voru að halda upp á það líka. Svo sá einhver mús og hljóp heim.

Viktor Atli, 3. bekk og Ísak Ottó, 1. bekk





Höfðaskóli Ylfa Gunnís Alexandra  
 Eilífa sinni var þorp sem hét Skagaströnd. Þar var ekkert, nema gras svo kom kona sem hét Þórdís og lagaði sumt og svo kom fleiri og fleiri... og það var mjög erfitt að lifa þangað til fjórir menn komu og byggðu allt og svo fengu þau hugmynd um að gera skóla og nafnið á skólanum var..... Höfðaskóli

2 ÁR seinna

Skólinn var tilbúinn... og allir fóru í skólann og skóla fína skólann okkar

70 ÁR seinna

Allir voru glaðir... og spenntir

80 ÁR seinna...

Það var 80 ára afmæli skólans! :D og allir voru hoppandi og skoppandi

## Höfðaskóli

Einu sinni var þorp sem hét Skagaströnd, þar var ekkert nema gras. Svo kom kona sem hét Þórdís og lagaði sumt og svo komu fleiri og fleiri... Og það var mjög erfitt að lifa þangað til fjórir menn komu og byggðu allt og svo fengu þau hugmynd um að gera skóla og nafnið á skólanum var..... Höfðaskóli.

### 2 árum seinna

Skólinn var tilbúinn... Og allir fóru í skólann og skoðuðu fína skólann okkar :)

### 70 árum seinna

Allir voru glaðir... og spenntir!

### 80 árum seinna


Það var 80 ára afmæli skólans! :D Og allir voru hoppandi og skoppandi!

Ylfa Fanndís, 4. bekk, Alexandra Dögun, 3. bekk og Gunnadís Katla, 2. bekk



Súsanna HARPA VÉDÍS

einu sinni var haldið Afmæli skólans og Vestla  
var byrjuð. en alltaf einu slökknasi á rafmagninu.  
allt var hljótt nokkrir kennarar fóru upp á háal  
loft að ná í vasaljós. Sumir krakkar eltu kenn  
arana. Svo þegar kennararnir komu aftur þá  
var allt horfið. þá litu þeir fyrir aftan sig!!!  
púff. þeir hurfu. endir



Einu sinni var haldið afmæli skólans og veislan var byrjuð. En allt í einu slökknði á rafmagninu. Allt var hljótt. Nokkrir kennarar fóru upp á háaloft að ná í vasaljós. Sumir krakkar eltu kennarana. Svo þegar kennararnir komu aftur þá var allt horfið. Þá litu þeir fyrir aftan sig: PÚFF! Þeir hurfu. Endir.

Súsanna, 4. bekk og  
Harpa Védís, 2. bekk



Einu sinni var dreki sem var í drekaskóla. Liturinn hans var hvítur, rauður og fjólublár. Hann var að fara í drekaskóla til að fá nýja vini. Þeir voru að læra að spúa eldi. Það var til eldur, rafmagn og eitur. Hann valdi rafmagn. Og svo vildi hann læra hvernig á að fljúga. Hann lærði hvernig á að spúa eldi og að fljúga. Einn dag þegar hann var að fara í skólann mundi hann eftir afmæli hjá vini sínum. Hann fór þangað eftir skóla. Kennarinn sagði að við þurfum að læra um að vernda okkur og svo þegar þið komið úr skólanum farið þið í afmæli.

Bjarni Bragi, 3.bekk

## Sigurjón Arney


Einu sinni var skóli og skólinn var að  
Verða 80 ára en það varu 88 krakkar í  
honum og það voru margir krakkar að  
Leika sér í Frímínútonum og það var  
Saldit mikið rok en líka mjög kald  
úti en krakkarnir voru mjög glaðir endir



Einu sinni var skóli og skólinn var að verða 80 ára en það voru 88 krakkar í honum. Það voru margir krakkar að leika sér í frímínútonum og það var soldið mikið rok en líka mjög kalt úti en krakkarnir voru mjög glaðir. Endir.

Arney Nadía, 3. bekk og  
Sigurjón Ýmir, 2. bekk





FANNDÍS Emilia  
SKÓLINN  
Á afmæli skólans var haldið stórt party og  
skuggi bauð mömmu og pabba svo kom  
Hnoðri litli vandi Púkin og borðaði allt  
kennaratyggið. Tyggjóð var allt búið og Hnoðri  
var rosa leiður og skuggi spurði: „Af hverju ertu vondur?  
ég er ekki vondur mér finnst bara kennaratyggið  
þá spurði skuggi: „Eigum við  
að vera vinir?“

### Skólinn

Á afmæli skólans var haldið stórt party og Skuggi bauð mömmu og pabba. Svo kom Hnoðri, litli vandi púkinn, og borðaði allt kennara-tyggjóð. Tyggjóð var allt búið og Hnoðri var rosa leiður og Skuggi spurði: „Af hverju ertu vondur?“

„Ég er ekki vondur, mér finnst bara kennaratyggjó svo gott.“ Þá spurði Skuggi: „Eigum við að vera vinir?“ Endir.



Einu sinni var lítill strákur hann var  
að koma í fjórða bekk í Höfðaskóla.  
Fyrsta skóladaginn fór hann eins og venjulega  
í skólann. En þegar það komu frímínútur  
þá vildi engin leika við strákin  
þá varð strákurinn leiður.  
Næsta dag fór hann til kennarans og  
sagði honnum allt en þá sagði kennarinn  
að þeir væru bara feimnir. Svo fór strákurinn  
að hlæja og næsta dag voru þeir að  
leika sér saman. Endir  
Kristján og Nonni

Einu sinni var lítill strákur, hann var að koma í fjórða bekk í Höfðaskóla. Fyrsta skóladaginn fór hann eins og venjulega í skólann. En þegar það komu frímínútur þá vildi enginn leika við strákin. Þá varð strákurinn leiður. Næsta dag fór hann til kennarans og sagði honum allt en þá sagði kennarinn að þeir væru bara feimnir. Svo fór strákurinn að hlæja og næsta dag voru þeir að leika sér saman. Endir.

Jón Benedikt, 4. bekk  
og Kristján Sölvi, 1. bekk



# Aníta og ÍRIS


Einu sinni var skóli sem hét Höfðaskóli hann átti afmæli í dag og það var haldin veisla Bakað kökur og - Allskonar og hengt upp myndir af krökkum og haft gaman fóru í göngu túr saman og það kom trúður og kom með skemti atreði til að sýna og þá kom að því að krakkarnir þurftu að fara heim ENDIR! (Vonum að þetta hafi verið skemmtileg saga)!!

Einu sinni var skóli sem hét Höfðaskóli, hann átti afmæli í dag og það var haldin veisla, bakaðar kökur og allskonar og hengdar upp myndir af krökkum og haft gaman. Þau fóru í göngutúr saman og það kom trúður með skemmtiatriði til að sýna og þá kom að því að krakkarnir þurftu að fara heim. ENDIR! (Vonum að þetta hafi verið skemmtileg saga) ☺

Aníta Ýr, 4. bekk og Íris Björg, 1. bekk







### Fyrsti skóladagurinn

Lísa og Tómas voru að fara að byrja í 3. bekk. Þau voru kvíðin að byrja fyrsta daginn sinn í skólanum því næsta dag átti skólinn afmæli og þau áttu að fara í skrúðgöngu með fána og tónlist. Svo þegar skrúðgangan var búin þá fóru þau í skólann að borða nestið sitt og síðan fóru þau kát og glöð heim.

Sæþór Daði, 3. bekk og Katrín Heiða, 2. bekk

• einu sinni var strákur sem hét halli  
 og var afar óþekkur svo fórninni.  
 höfðu skóla og var ennþá óþekktari  
 og einn góðan veður dag þoldi halli  
 ekki skólann þannig hann og nokkrir strákar  
 laumuðust út úr tíma og fóru inn á  
 klósett og náðu í bréf og halli var með  
 kveikjara og kveiktu í skólanum og  
 skólastjórinn var að labba niður  
 stigan þegar hann sá strákana  
 hlaupa út seöpu heikskil  
 og hann fáttaði þá að þeir hefðu  
 kveikt í skólanum og svo máttu þeir  
 aldrei fara í skóla frammar tíma  
 og svo var skóli byggður aftur  
 og allir voru glaðir á ný.  
 Endir.

JEANNE <sup>Ísak</sup>

Einu sinni var strákur sem hét Halli og var afar óþekkur. Svo fór hann í Höfðaskóla og varð ennþá óþekktari. Og einn góðan veðurdag þoldi Halli ekki skólann, þannig að hann og nokkrir strákar laumuðust út úr tíma og fóru inn á klósett og náðu í bréf og Halli var með kveikjara og þeir kveiktu í skólanum. Skólastjórinn var að labba niður stigan þegar hann sá strákana hlaupa úr stóru reykskýi og hann fáttaði þá að þeir hefðu kveikt í skólanum og svo máttu þeir aldrei fara í skóla frammar. Og svo var skólinn byggður aftur og allir voru glaðir á ný. Endir.

Ísak Andri, 4. bekk og Jeanne, 2. bekk





einu sinni var skóli sem hét höfðaskóli  
höfðafmæli og allir var að leika úti  
Allir var glaðir þar var líka dýr að leika út  
þar var svo gaman þar var líka nammi og  
snakk og góss og mynd þar var besta afmæli.

Thurid og Birna

Einu sinni var skóli sem hét Höfðaskóli. Hann átti afmæli og allir voru að leika úti. Allir voru glaðir, þar voru líka dýr að leika úti, þar var svo gaman. Þar var líka nammi og snakk og gos og mynd. Það var besta afmælið.

Thurid, 4. bekk og Bjarghildur Birna, 2. bekk





● Helgi kallaði Guðmundur. Hvað? Komdu og sjáðu!  
kista! Vá kúl. Eigum við að opna? JÁ! Okey. Demantur og  
svona stór. Já. Eigum við að fara með hann heim? Jájá.  
w þeir eru kannir heim. Hvar eigum við að geima hann? Helgi! Já sjáðu  
fréttirnar. Trúðurin! Ha og Labbaði að sjánvarpinu. Trúður kallaði Helgi!  
Allt rafmagnit var farið. Hvar er demanturinn? Ég fer inn í eldhús.  
AAAA! Hvað? Demanturinn er horfin! Ha nei það getur ekk verið.  
Rafmagnit er komið aftur. Hann er ekkert horfinn sjáðu. Hann var  
horfinn. Hæ heirtist. Þetta er bara mamma sagði Helgi. okey.

● Heirtu gullit mitt mammapi sagði að þú ætir að fara borta.  
okey. bæ sagði Helgi. bæ. sjáumst á morgun. Já bæ. Helgi fór að  
borta. og fór síðan að tannbusta og síðar að sofa hann tók demantinn.  
næsta dag. Þá fattaði hann eitt sem hann mundi eftir. Þegar  
demanturinn gláði var hann egta en þessi gláði ekki neitt.  
Hann var gerfi! Hvernig? hann var egta í gær. Helgi Helgi. ég opnaði  
augun. Ég var vist að dreyma. Elskan þú ert að verða of  
seinn. í skólan. Ó. mamma fór fram. mér leið illa. Hvað mér  
fannst þetta skriðið. Ég var með Leikfanga demanta í höntunum.

● Og trúta bangsann minn.



Einu sinni var draugaskóli og þau fóru inn í skólann. Svo fóru þau inn í stofu og það kom trúður upp úr gólfinu. Og þau öskruðu svo hátt að trúðurinn hvarf. Og þau voru hissa en hann birtist fyrir aftan þau. En þau komust fram hjá honum og þau fóru heim og sögðu mömmu alla söguna til endiloka.

HVÍFNEK ÞAU VIKKSOJ SÆTIS


● E'NWGINIVAR

DRAGASKÓLI OF ÞAUGFÖLIDAN FÖRUM INI SKÓLAN  
 OG FÖRUM ÞAUGFÖRUM INI STOFU  
 OG ÞAÐ KOM TRÚÐUR UPP ÚR GÓLFINU.  
 OG ÞAU ÖSKRUÐU SVO HÁTAD TRÚÐURIN  
 KVAFF. OG ÞAU VÖGUM HISSA EN HAN BIRTIST VIÐ  
 AFTAN ÞAUG. EN ÞAU KOMUST FRAM HJÁ  
 HONUM OG ÞAU FÖRUM HEIM OG SÖGDU  
 MÖMMU ALLA SÖGUNA TIL ENDILOKA

● HAKKASOJUNA EN TIL OKA


Hrafney Lea, 4. bekk, Patrick Svavar, 3. bekk og Sædís Hrund, 2. bekk





### Afmæli skólans - 80 ára afmæli.

Ís, kakó, popp og pönnukökur. Mömmur, pabbar, ömmur, afar, frændur, frænkur, tvíburar, mikil hamingja, mikið af mönnum og konum voru í afmælinu. Það var gaman. Allir voru að leika sér og syngja. Allir voru í röð til að fara í köngulóarröðuna. Svo fóru allir inn í kaffi. Svo fóru allir að leika sér úti og svo heim.



Emilia R. Arnar G.



Loksins var komið að stóru afmælishátíð skólans og það var kaka og ís í afmæli skólans og við máttum koma með dýrin okkar í skólann og það var geggjað skemmtilegt í skólanum. Og það var geggjað mikið nammi og skólinn var 80 ára. Við vorum að leika okkur og borða nammi, það var geggjað, geggjað mikið nammi.

Emilia R. Arnar G.

Loksins var komið að stóru afmælishátíð skólans og það var kaka og ís í afmæli skólans og við máttum koma með dýrin okkar í skólann og það var geggjað skemmtilegt í skólanum. Og það var geggjað mikið nammi og skólinn var 80 ára. Við vorum að leika okkur og borða nammi. Það var geggjað geggjað mikið nammi.

60P



## Slysasögur

Ásgeir Sigmar var eitt sinn í skólasundi og ákvað að láta reyna á hæfileika sína í dýfingum. Ekki fór það betur en svo að hann stakk sér óvart í grunna endann og fékk gat á hausinn.

Þegar skólinn fór með krakkana í sitt árlega skíðaferðalag ákvað Sólveig Erla að skíða niður hólabrekkuna. Ekki vissi hún þó að ekki væri búið að troða snjóinn. Svo það endaði með því að hún fór í þrefalt heljarstökk, lenti á andlitinu og handleggsbraut sig.

Þegar Þórunn Ósk var í frístund í 2. bekk ákvað hún að skella sér á hlaupahjólí í kringum fótoltavöllinn. Þetta hefði verið ljómandi góð hugmynd ef öðrum krakka hefði ekki dottið það sama í hug. Það segir sig nú bara sjálf að þetta gat ekki endað vel, þau skullu saman og við þann skell braut Þórunn á sér fótlegginn.

Annrún Hildur var einu sinni í æsispennandi eltingaleik í útifríminútum. Hún var svo upptekin af leiknum að hún leit ekki fram fyrir sig heldur hljóp beint á litlu upphíingarstöngina.

Dag nokkurn þegar mjög hvasst var í veðri opnaði Snæbjörn Elfar útidyrhurðina. Hann missti samt sjónar á henni þegar hann sá laufblað fjúka inn. Það endaði nú bara með því að hurðin skall beint á puttann á honum og nöglin datt af.

Eva Dís var eitt kvöldið í félagsmiðstöðinni og það var verið að berja ísskáp með kylfu. Eva Dís labbaði beint fyrir aftan manneskjuna sem var að fara að berja og fékk kylfuna beint upp í munninn á sér.

Það voru nokkrir krakkar í frjálsum hjá Sigrúnu Líndal í spjótkesti og Sólveig Erla var nýbúin að kasta spjótinu sínu og fór að sækja það. Karen átti að kasta næst en hún var ekki að fylgjast með því hvað var að gerast fyrir framan hana og Sigrún ekki heldur þannig að hún kastaði spjótinu en sá þá Sólveigu standa beint fyrir! Karen öskraði strax á hana og hún beygði sig og spjótið fór rétt svo við hliðina á henni. Hún var mjög heppin að hafa ekki slasast.

Krakkarnir sem voru að taka þátt í þjóðleik fóru með leikritið Dúkkulísu til Hveragerðis. Það var svona korter í sýningu og þarna var svið með litlum tröppum fyrir miðju niður af sviðinu og tjaldið dregið fyrir. Karen Líf ætlaði að fara niður af sviðinu, hún fann gat á tjaldinu og fór út um það gat og steig fram en það voru engar tröppur þar, þannig að hún datt af sviðinu rétt fyrir sýningu.

Eva Dís var eitt sinn að keppa í hástökki og átti að hoppa yfir stöngina en íþróttakennarinn gleymdi að færa dýnuna svo að hún hoppaði beint á gólfið.

Sólveig Erla, 8. bekk, Karen Líf, 9. bekk og Helga Margrét, 8. bekk, söfnuðu sögunum

## Prakkarastrik

Þegar Karen Líf, Klara Ósk, Ísabella Líf og Einar Hjálmtýr voru í frístund hjá Ásdísi Erlu og Evu Ósk fóru þau alltaf og földu sig. Þau fóru oftast að gamla skólainnganginum þar sem eru bara dýnur og földu sig undir þeim á meðan þær voru að leita. Svo eitt skiptið fóru þau á staðinn og földu sig undir dýnunum og gleymdu að loka hurðinni og þær löbbuðu framhjá og sáu þau!!! Þær voru ekki kátar. 🤔

Ásgeiri Sigmari leiddist eitt sinn í náttúrufræði og ákvað að taka bréfastemmu og stinga inn í innstungu og rafmagnið fór af öllum skólanum.

Karen Líf, 9. bekk og Helga Margrét, 8. bekk

## Sjónarhorn fortíðar

Þetta er áhugaverður texti sem fyrsti skólastjóri Höfðaskóla, Páll Jónsson, skrifaði árið 1955:

Það vaknar oft sú spurning hjá mér, þegar ég geng hér um götur og kem inn í verslanir. Hvar er heimili barna ykkar, húsmæður? Í skólanum eru skólabörn yfirleitt 2 til 4 tíma daglega, 20 til 22 tíma geta því börnin verið heima hjá sér og sínum.

En fjöldi barna er á götunum og í búðunum frá því að þau koma á fætur á morgnana og þar til á miðnætti. Hvar er heimili þessara barna? Og hvernig er uppeldi þessara barna? Það er ekki barninu sjálfu að kenna, að það fær slæmt uppeldi, heldur þeim sem eiga barnið, eða ætla sér að ala barnið upp.

Takið eftir því mæður að við segjum alltaf, að við ætlum að ala barnið okkar upp, ekki aðeins að láta það hafa mat og föt heldur líka ala það upp, og þar eigum við sál barnsins. Við tölum um að ala upp afkvæmi húsdýra okkar og fá t.d góðan hest, góða kú eða góða kind, en barnið okkar öllum við upp til þess að verða að manni. Ógæfa barnsins er ekki því sjálfu fyrst og fremst að kenna, heldur foreldrum þess, eða þeim sem um uppeldið sjá.

Foreldrar verið samhent, um uppeldi barna ykkar. Ef þið hjálpist að vinnst ekki nema hálfur árangur. Látið börn ykkar vera mest heima, því heima er best. Kennið ekki öðrum um en ykkur, ef mistök verða. Vitið að börn ykkar eru fegurstu blómin, sem þið ræktið. Þau vaxa best við sólskin frá foreldrum og arineld alheimsins. En þau fölna og blikna í frystingu og kuldanum útí myrkrinu.

Páll Jónsson

Unnið af Óðni Erni, 8. bekk

## Gargið

Það var 4. desember 2012 þegar að við Arnrún Hildur og Sóley Sif kepptum í „Garginu - söngvakeppni Höfðaskóla“ og sungum lagið Myndin hennar Lísu.

Ekki er munað í hvaða sæti við lentum en svona var þetta nokkurn veginn.

Við vorum búnar að æfa okkur mikið og búið var að ákveða að ég fengi hljóðnemann sem engin snúra var í út af því að Arnrún söng lægra og það heyrðist betur í hljóðnemanum sem var snúra í. En þegar það kom að stóru stundinni þá vorum við látnar fá vitlausa hljóðnema og það heyrðist varla í Arnrúnu á meðan að röddin mín heyrðist út um allt félagsheimili. Þannig að það var nú þínu klúður en þetta var nú samt gaman að prófa að syngja fyrir framan annað fólk.

Sóley Sif, 8. bekk



## Brandarar úr gömlu skólatímariti

Einu sinni voru Grindvíkingur, Blönduósingur og Skagstrendingur. Blönduósingurinn pissaði 100m, Skagstrendingurinn 1000m og Grindvíkingurinn pissaði svo langt að daginn eftir kom í fréttunum að það hefði verið gul rigning í Kína.

Guðrún: „Maðurinn minn er á matreiðslunámskeiði og lærði að baka hveitibollur.“

Tóta: „Og hvernig voru þær?“

Guðrún: „Fínar, við spiluðum borðtennis með þeim í allt gærkvöld.“

Lítill maður sat á krá. Þá kom stór maður og barði litla manninn. Þá sagði litli maðurinn: „Hvað var þetta?“ „Þetta var karatehögg frá Kína“, sagði stóri maðurinn. Litli maðurinn settist aftur á stólinn. Sá stóri barði hann aftur. Þá sagði sá litli: „Hvað var þetta?“ „Þetta var júdóhögg frá Kína“, sagði stóri maðurinn. Sá litli settist aftur á stólinn. Sá stóri barði hann aftur. Þá var litla manninum nóg boðið, hann hljóp út, kom aftur að vörmu spori með spýtu og rotaði stóra manninn. Þá sagði vörðurinn: „Hvað var þetta?“ „Þetta var girðingastaur frá Húsasmíðjunni“, sagði litli maðurinn.

Sveinn horfði hugsandi á nýfædda litlu systur sína. Hún var tannlaus, sköllótt og gat auðvitað ekki talað. Hann leit á foreldra sína og spurði: „Fylgdu engir varahlutir?“

- Ég trúi þér ekki! Ætlarðu að kaupa matardiska á þrjú þúsund krónur stykkið til að gefa konunni þinni í afmælisgjöf?

- Já, þá þarf ég aldrei að þvo upp!

Íslenskukennarinn þreyttist aldrei á að minna nemendur á hve mikilvægt væri að hafa nægan orðaforða. „Veldu fallegt orð og endurtaktu það þrisvar. Þá verður það þitt að eilífu“, sagði hann. Þá heyrðist Katrín hvísla: „Jóhann, Jóhann, Jóhann!“

Unnið af Óðni Erni, 8. bekk, og Alexöndru Rós, 9. bekk

# Þá og nú





## Íþróttadagur

Íþróttadagur grunnskólanna í Húnaþingi var eitt sinn haldinn árlega og þar kepptu Höfðaskóli, Blönduskóli, Húnavallaskóli, og Grunnskóli Húnaþings vestra í hinum ýmsu íþróttagreinum. Þar var meðal annars keppt í fótbolta, körfubolta, borðtennis, badminton og skák. Í þá daga var mikil og hörð keppni á milli skólanna sem endaði með því að sá skóli sem fékk flest stig fyrir íþróttagreinarnar stóð uppi sem sigurvegari. Árið 2017 var ákveðið að breyta um fyrirkomulag íþróttadagsins og heitir hann nú Íþróttá- og útivistardagur grunnskóla í Húnaþingi. En núna er dagskráin svona:

Fimmtudagurinn 26.apríl.  
Dagskrá hefst klukkan 14:00

	A	B	C	D	E	F	G
14:30-16:00							
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús. Tindastóll	Spákonuhof	Farið frá skólanum	Neslistamiðstöð	Grunnskólinn	Farið frá skólanum	Sparkvöllur/strák
	Körfuboltaæfing/kynning	Skoðunarferð í	Þjörgunarsv. Strönd	Heimsókn og	Skákmót	Skoðunarferð um	Fótboltamót
	Þjálfari/leikmenn	Spákonuhof	Sigling	verkefni		Spákonuhöfða eða	
	Fyrir stelpur					um Skagaströnd	
14:00-14:30	Kaffitími Skúffukaka og mjólk og fleira í boði í félagsheimilinu						
16:00-17:30							
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús. Tindastóll	Spákonuhof	Farið frá skólanum	Neslistamiðstöð	Íþróttahús	Farið frá skólanum	Sparkvöllur/stelp
	Körfuboltaæfing/kynning	Skoðunarferð í	Þjörgunarsv. Strönd	Heimsókn og	Jóga	Skoðunarferð um	Fótboltamót
	Þjálfari/leikmenn	Spákonuhof	Sigling	verkefni		Spákonuhöfða eða	
	Fyrir stráka					um Skagaströnd	
<b>Staðsetning</b>	Íþróttahús		Körfuboltavöllur(úti)				
17:30-18:30	Smákeppni/þrautir		Streetballmót				
	Klifurveggur, limbó, reipitog, stinger						
16:00 - 18:00	Sundlaugin opin, sundblak og potturinn.						
16:30 - 18:30	Minigolf						
18:30-19:30	Matur í félagsheimilli						
20:00-21:00	Diskótek						


Á hverju ári er farið á nýjan stað og boðið upp á nýja afþreyingu eins og að sigla á bátum, fara í gönguferðir og margt fleira.

Höfðaskóli vann tvisvar sinnum á sjö árum áður en íþróttadeginum var breytt sem er nú bara fínasti árangur.

Unnið af Óðni Erni, 8. bekk, og Gabríel Goða, 9. bekk

## Uppáhaldsárstíð nemenda

Árstíðir



83 svöruðu af 89

Allir núverandi nemendur Höfðaskóla voru spurðir eftirfarandi spurningar:  
Hver er uppáhaldsárstíðin þín? Sumar, vetur, vor eða haust?

Unnið af Önnu Marie og Jóhönnu Guðleifu í 9. bekk

## Vetur á Vestfjörðum

Í litlum bæ fyrir vestan var lítið hús. Í þessu húsi bjuggu tvö gömul systkini. Þessi systkini hétu Jónatan og Lára. Jónatan var smiður sem farinn var á eftirlaun og Lára gömul húsmóðir. Eins og oft vill til með systkini kom þeim Láru og Jónatani misvel saman. Vetrardag nokkurn snjóaði svo mikið að ekki var þeim fært að komast út. Jónatan verandi eins og hann var gat hann ekki setið kyrr, hann bara varð að gera eitthvað í málinu. Lára var auðvitað á móti þeirri hugmynd enda var veðrið ekki upp á sitt besta þennan dag. Viðvörðun Láru gaf honum enn betri ástæðu til að fara út, því honum Jónatani fannst nú ekki leiðinlegt að sanna sig. Hann byrjaði á því að opna stærsta gluggann í húsinu, svo stóð hann inni með skóflu og reyndi að skafa frá húsinu. Þessi tilraun endaði reyndar bara á því að það snjóaði inn og nístandi kuldi var inni í húsinu. Hann Jónatan gamli hefur þó aldrei verið þekktur fyrir það að deyja ráðalaus svo hann byrjaði um leið að reyna að hreyfa við hurðinni. Þessi tilraun gekk heldur ekkert alltof vel og enn var hurðin pikkföst. Lára var löngu hætt að lífast á blikuna og bað hann að hætta þessari vitleysu. Jónatan hlýddi auðvitað ekki systur sinni og endaði á því að detta á hurðina og brjóta á sér handlegginn. Lára þurfti að hringja á sjúkrabíl vegna veðurs svo að minnsta kosti rættist ósk Jónatans um að komast út fyrir húsið.

Sólveig Erla, 8. bekk

## Sjónarhorn: Að koma úr skóla í Reykjavík í Höfðaskóla á Skagatrönd

Þegar ég byrjaði í 1. bekk var ég í Háteigsskóla. Þar voru 52 krakkar skráðir í 1. bekk og tveir kennarar en okkur var gjarnan skipt í tvo hópa. Oftast fannst mér ekkert svo þægilegt að vera í Háteigsskóla út af því að það voru alltaf mjög mikil læti í stofunum, það var stundum pínulítil stríðni og ég var ekki með vinum mínum og vinkonum í hóp. Hins vegar þegar ég byrjaði í 2. bekk í Höfðaskóla komst ég að því að það eru lítil læti í stofunum í Höfðaskóla (einfaldlega af því að þar eru svo fáir krakkar), ég lenti ekki í neinni stríðni og ekki er skipt í hópa því ekki er mikill fjöldi af krökkum í hverjum bekk. Svo er líka kostur við Höfðaskóla að ég má koma með hvað sem ég vil í nesti en í Háteigsskóla þurfti það alltaf að vera ávextir eða grænmeti, meira að segja einn daginn fékk ég ekki að klára nestið mitt (sem var harðfiskur með smjöri) af því að það var ekki ávöxtur eða grænmeti. Það finnst mér mjög ósanngjarnt, að geta ekki gert undantekningu í þetta eina skipti, að mínu mati er það líka ekki gott fyrir börnin því að mér finnst að börn eigi að fá fjölbreytt næringarefni á hverjum degi. En þegar ég byrjaði í Höfðaskóla fannst mér ég vera velkomnari í skólann heldur en í Háteigsskóla og ég eignaðist strax vini. Mér finnst mikilvægt að hver og einn nemandi fá jafnmikla athygli, en það er auðveldara þegar það eru færri nemendur, og ég upplifi það að allir nemendur í mínum bekk, þar á meðal ég, fái jafna athygli sem mér finnst mjög gott. Núna er ég búin að vera 4 ár í Höfðaskóla, en þetta er 5. árið mitt og mér líður mjög vel í skólanum.

Steinunn Kristín (Dídí), 6. bekk

## Kennarar sem hafa starfað lengi við Höfðaskóla

Elínborg Jónsdóttir	1945-1995
Ólafur Bernóðsson	1973-2012 og 2013/2014-
Jón Sveinn Pálsson	1961-1996
Elva Þórisdóttir	1991-
Páll Jónsson	1939-1966
Bára Þorvaldsdóttir	1993-2017
Ingibergur Guðmundsson	1974-1975 og 1979-1980 og 1983-2005
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	1999-
Helga Aradóttir	1994 - 2014
Erna Berglind Hreinsdóttir	2001-
Guðrún Elsa Helgadóttir	2001-
Hildur Ingólfssdóttir	2003-2014
Eiríkur Kristinsson	1961-1972
Magnús B. Jónsson	1975-1985

Unnið af Alexöndru Rós, 9. bekk



## Myndarugl

Kannastu við fólkið á myndunum? Við erum búnir að skeyta saman andlitum starfsmanna Höfðaskóla fyrr og nú.



Guðjón og Trostan



Dagný og Fjóla




Elva og Erna



Sara og Guðrún



Guðjón og Vera



Ingibergur og Bára

Ólafur Guðni og Andri Már, 10. bekk

## Sundmarafon skólans

Árið 1987 eða 1988 ákváðu nemendur Höfðaskóla fæddir 1972 og 1973 að halda sundmarafon í sundlauginni á Skagaströnd til þess að fá peninga fyrir skólaferðalagi. Krakkarnir skiptust á að synda í heilan sólarhring og fullt af fólki kom að heimsækja þau á meðan á sundinu stóð. Þessi fjáröflun heppnaðist mjög vel. Hér fyrir neðan sérðu mynd af hópnum sem var að synda, m.a. mömmu mína sem er þriðja frá vinstri í aftari röð.




Ísabella Líf, 8. bekk

## Þegar Finnbogi ræsti alla reykskynjarana í eldhúsinu


Það var einn venjulegan skóladag sem ég og nokkrir aðrir krakkar vorum í frístund. Flestir krakkarnir voru í íþróttaskóla en nokkrir fóru ekki. Við vorum bara að leika okkur saman og síðan byrjaði að heyrast dálítið skrítið hjóð, svona eins og sírenur í sjúkrabíl eða slökkviliðsbíl. Þegar við hlustuðum betur þá heyrðum við að þetta voru reykskynjararnir. Og þá þurftum við að hafa hraðar hendur. Okkur var sagt að fara í röð og labba rólega upp stigann en það entist ekki lengi. Þegar við vorum komin upp stigann voru allir komnir á harðasprett en þegar við vorum komin hálfan ganginn kom Finnbogi á móti okkur og sagði að það væri enginn eldur, hann hefði bara brennt matinn í matreiðslu og við þyrftum ekki að fara neitt. En þannig gerðist það, í fyrsta skipti á ævinni minni hafði ég upplifað eldhættu sem að var samt bara í rauninni Finnbogi að vera klaufi og brenna mat. Endir.

Sóley Sif, 8. Bekk

# Fortíð





# Nú tíð



Unnið af Alexöndru Rós, 9. bekk og Auðbjörgu, 8. bekk



# Fortíð




# Nútið




Unnið af Alexöndru Rós, 9. bekk og Auðbjörgu, 8. bekk






AA?  
d/2

Hugrún Antonía, 8. bekk



Vinirnir Berglind og Sigurður eru á leið í skólann. Þau hlakka til að hitta kennarana og krakkana. En á leiðinni þurfa þau að fara í gegnum skóg þar sem auðvelt er að villast. Getur þú hjálpað þeim að rata rétta leið?



Þórunn Ósk, 8. bekk